



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

17. NÓVEMBER 2016

VÍKINGUR OG TORTELIER



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

From Darkness Woven: 13'

Burleske: 19'

Capriccio: 17'

Eldfuglinn: 30'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FM 17 NOV 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

VÍKINGUR OG TORTELIER

Yan Pascal Tortelier
hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

EFNISSKRÁ

Haukur Tómasson
From Darkness Woven (2015)

Richard Strauss
Burleske í d-moll fyrir píanó og hljómsveit (1885–86)

Hlé

Ígor Stravinskij
Capriccio fyrir píanó og hljómsveit (1926–29)
Presto –
Andante rapsodico –
Allegro capriccioso ma tempo giusto

Ígor Stravinskij
Eldfuglinn, svíta (1910/1945)
Inngangur –
Eldfuglinn dansar –
Prinsessudans –
Vítisdans Kastseis konungs –
Vöggusöngur –
Lokadans



YAN PASCAL TORTELIER

HLJÓMSVEITARSTJÓRI


Yan Pascal Tortelier er nýr aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og tíundi stjórnandinn sem gegnir þeirri stöðu. Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistarfjölskyldu og faðir hans, Paul Tortelier, var einn mesti sellóleikari Frakklands á 20. öld. Yan Pascal hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Tónlistarháskólann í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveit Lundúna. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarstjórnandi Orchestre National du Capitole de Toulouse.

Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgeststjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar. Þar má meðal annars nefna Sinfóníuhljómsveit Lundúna, Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam, Tékknesku fílharmóníuna, Filharmonien í Ósló, Filarmonica della Scala í Mílanó, Philadelphia Orchestra, Fílharmóníuhljómsveitirnar í Lundúnum, Sankti Pétursborg og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabil starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.



 @VikingurMusic

VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON

EINLEIKARI

Víkingur Heiðar Ólafsson þreytti frumraun sína með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2001 og hefur síðan komið fram með þekktum tónlistarmönnum og hljómsveitum. Leikur hans hefur víða hlotið umfjöllun og lof.

Í vetur kemur hann meðal annars fram sem einleikari með Fílharmoníusveit Los Angeles, Útvarpshljómsveitinni í Leipzig, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Elbphilharmonie í Hamborg með stjórnendum á borð við Esa-Pekka Salonen, Yan Pascal Tortelier, Lawrence Foster og Kristjan Järvi. Einnig heldur hann einleikstónleika í Konzerthaus í Vín, Konzerthaus í Berlín, í Elbphilharmonie í Hamborg og á La Folle Journée hátíðinni í Nantes.

Fyrir í þessum mánuði skrifaði Víkingur undir útgáfusamning við Deutsche Grammophon. Fyrsti diskur hans inniheldur píanóétýður Philip Glass og kemur út í lok janúar 2017 þegar tónskáldið fagnar áttæðisafmæli sínu. Víkingur hefur áður gefið út þrjá geisladiska hjá útgáfufyrirtæki sínu Durrindí: Beethoven-Brahms (2009), Chopin-Bach (2011) og Vetrarferðina með Kristni Sigmundssyni (2012).

Í febrúar 2016 stýrði Víkingur í fyrsta sinn Vinterfest-tónlistarhátíðinni í Svíþjóð. Hann stýrir áfram Reykjavík Midsummer Music-tónlistarhátíðinni í Hörpu sem hann stofnaði árið 2012. Víkingur vann að gerð sjónvarpsþáttanna *Útúrduúr* sem voru á dagskrá RÚV árin 2013–15. Hann hefur frumflutt fimm píanókonserterna sem skrifaðir voru fyrir hann og unnið til átta verðlauna á Íslensku tónlistarverðlaununum, þar á meðal fjórum sinnum verið valinn flytjandi ársins.



HAUKUR TÓMASSON

FROM DARKNESS WOVEN

Haukur Tómasson (f. 1960) stundaði tónsmíðanám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni og Atla Heimi Sveinssyni og síðar við Tónlistarháskólann í Köln, Sweelinck-tónlistarháskólann í Amsterdam og Kaliforníuháskóla (San Diego) þaðan sem hann lauk meistaraþrófi árið 1990. Haukur hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín og má þar nefna Tónvakakeppni Ríkisútvarpsins, Bjartsýnisverðlaun Brøstes og Íslensku tónlistarverðlaunin. Haukur hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir óperu sína *Fjórði söngur Guðrúnar*.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er frumflutningur á verki Hauks. Sinfóníuhljómsveit Íslands lék fyrst tónsmíð eftir Hauk árið 1993 (Strati), og var það verk jafnframt þantað af hljómsveitinni. Síðan hefur Sí flutt öll hljómsveitarverk hans, sem eru átta talsins. Á Myrkum músikdögum 2017 verður frumfluttur víólukonsert Hauks, Echo Chamber, þar sem Þórunn Ósk Marínósdóttir leikur einleik.

From Darkness Woven er nýjasta hljómsveitarverk Hauks og á meðal annars rætur í hugleiðingum tónskáldsins um vefstóla: Ef vefstólar væru hljóðfæri, hverskonar tónlist myndu þeir gefa frá sér? Verkið skiptist í nokkra hluta og meðan á tónsmíðavinnunni stóð notaði Haukur um kaflana orð sem tengjast vefnaði: uppistaða, sláttur, voð, skytta, ívaf. Sjálfur segir Haukur: „Að vefa getur verið svipað því að semja tónlist. Tónskáldið setur sér ramma, býr til „uppistöðu“ (eins konar efnisgrunn), hugsar um formið (hvað gerist) og þá kemur ívafið til skjalanna, myndin eða mynstrið. Það er reyndar oft talað um vef í tónlist, það hvernig raddir verks vefjast saman. Svo er það spuninn.“

From Darkness Woven er samið fyrir hljómsveit án málmblásara. Strengir eru í aðalhlutverki sem og margvíslegt tréslagverk. Einnig eru kljásteinar notaðir sem slagverkshljóðfæri, en þeir eru eins konar lóð sem notuð eru til að halda uppistöðu í vefstólum strekktri. Eldri hljómsveitarverk Hauks eru oft í björtum tónum og farið hratt yfir, en sum seinni verk hans (til dæmis *Höfuðskepnur*, 2012) hafa myrkara yfirbragð. *From Darkness Woven* sver sig í þessa ætt, það er í hægu tempói og litirnir dökkir rétt eins og heitið gefur til kynna: Ofið úr myrkri.



RICHARD STRAUSS

BURLESKE

Richard Strauss (1864–1949) sýndi fljótt mikla hæfileika í tónlist og samdi sitt fyrsta tónverk aðeins sex ára gamall. Hann var prýðilegur fiðluleikari og píanisti, en tónsmíðar og hljómsveitarstjórn fönguðu huga hans á unglingsárum. Meðal æskuverka hans er *Burleske* fyrir píanó og hljómsveit, samið þegar hann var 21 árs gamall. Upphaflega hét verkið *Scherzo í d-moll* og Strauss samdi það með Hans von Bülow í huga, en hann var einn af mestu píanistum og hljómsveitarstjórum á seinni hluta 19. aldar og var um skeið tengdasonur Wagners. Bülow var aðalstjórnandi hljómsveitarinnar í Meiningen í Þýskalandi, sem í þá daga þótti flestum öðrum fremri, og þar var Strauss um þetta leyti aðstoðarstjórnandi. Þó fór svo að Bülow játaði sig sigraðan, sagði verkið ekki henta sínum smáu höndum. Það var annar píanisti, Eugen d'Albert, sem frumflutti verkið árið 1890 og hlaut að launum tileinkun höfundarins.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem *Burleske* eftir Richard Strauss hljómar á tónleikum á Íslandi. Verkið hefur þó af og til hljómað á öldum ljósvakans, að öllum líkindum fyrst í desember 1939 þegar það var á dagskrá Ríkisútvarpsins. Sinfóníuhljómsveit lék fyrst tónverk eftir Strauss í apríl 1957, vals úr óperunni *Rósarriddarinn*.

Tónsmíðar hins fullþroska Richards Strauss eru litríkar og undir áhrifum af hljómanotkun þeirra Wagners og Liszts, en í þessu verki ber minna á slíkum áhrifum. Þykkur píanóparturinn minnir á köflum jafnvel fremur á Johannes Brahms. Þó má einnig heyra ávæning af tónmáli Strauss síðar á ferlinum. Áberandi í verkinu er eins konar valstaktur sem þó er ekki beinlínis vals í hefðbundnum skilningi, sem minnir á að Strauss átti síðar eftir að semja dásamlega valsa í óperunni *Rósarriddaranum*. Hvað formið snertir er *Burleske* einþáttungur í hefðbundnu sönötuformi. Upphaflega var Strauss mjög í vafa um hvort hann ætti að leyfa útgáfu *Burleske* á nótum en eftir því sem árin liðu óx ánægja hans með verkið og það var á efnisskrá síðustu tónleikanna sem tónskáldið stjórnaði, árið 1947.

Burleske heyrir fremur sjaldan á tónleikapalli en þó hafa nokkrir heimsfrægir píanistar tekið ástföstri við það. Rudolf Serkin lék verkið margoft en á seinni árum hafa meðal annars Martha Argerich og Emanuel Ax leikið það opinberlega.



ÍGOR STRAVINSKÍJ

CAPRICCIO

Ígor Stravinskíj (1882–1971) tók sér búsetu í París árið 1920; áður hafði hann verið búsettur í Sviss allt frá því að heimsstyrjöldin fyrri braust út. Á þessum árum nægðu tekjur hans af tónsmíðunum ekki alltaf til að framfleyta fjölskyldunni og því kom hann einnig oft fram sem píanisti. Stravinskíj samdi tvö verk sérstaklega í þeim tilgangi að leika þau sjálfur og fá þannig greitt bæði sem tónskáld og einleikari. Hið fyrra var konsert fyrir píanó og blásturshljóðfæri (1923–24), og það verk lék hann á tónleikum um 40 sinnum fyrstu árin. Því þótti honum tímabært að bæta öðru í sarpinn og á jóladag 1928 hóf hann að semja eins konar píanókonsert en með öðru sniði, *Capriccio* eða glettu fyrir píanó og hljómsveit. *Capriccio* var fullgert í nóvember 1929 og það var frumflutt í Salle Pleyel í París 6. desember sama ár með Stravinskíj við flygilinn.

Þegar Stravinskíj samdi verkid hafði hann sagt skilið við hinn ómstríða, rússneska stíl *Vorblóts* og tileinkað sér stíl sem kallaður hefur verið *nýklassík*, þar sem unnið er með tóntegundabundna hljóma og laglínur en á nýstárlegan hátt. Ómstríðir tónar eru notaðir sem krydd en megináhersla lögð á einfaldleika og skýrleika. Þetta á sannarlega við um *Capriccio*, og sjálfur sagðist Stravinskíj hafa verið undir áhrifum frá Carl Maria von Weber, en aðrir segjast greina hér áhrif Tsjajkovskíjs, ekki síst hvað snertir lagræna eiginleika tónlistarinnar.

Capriccio merkir gletta, duttlungur eða kenjar og hefur verið haft um ýmis tónverk allt frá fiðlukaprísnum Paganinis til píanópáttu eftir Brahms. Sjálfur kvaðst Stravinskíj hafa lagt sömu merkingu í orðið og barokktónskáldið Michael Praetorius í riti sínu *Syntagma musicum* (1614–20), sem sagði það merkja eins konar fantasíu þar sem frjálslegar fúgur eru meginuppistaðan. Það átti einmitt vel við hina nýju tónlist Stravinskíjs þar sem rökhyggja barokksins er í forgrunni fremur en ólgandi tilfinningar rómantíska stílsins. *Capriccio* er í þremur þáttum sem renna saman í einn; fyrst hraður þáttur, þá hægur og spunakenndur kafli með einleikskadensu þar sem greina má áhrif austur-evrópska hljóðfærisins cimbalom. „Eins konar rúmensk veitingahúsamúsík“ sagði Stravinskíj um þennan þátt verksins, meira í gamni en alvöru. Því næst kemur kraftmikill lokakafli og verkinu lýkur með hvelli eins og vera ber.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Capriccio Stravinskíjs hljómaði fyrst á Íslandi leikið af hljómplötu í Ríkisútvarpinu árið 1941, en verkið hefur tvívegis hljómaði í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Árið 1973 lék Ursula Ingólfsson einleik (stj. Páll P. Pálsson), og fyrr á þessu ári lék Natasha Feygina á píanóið þegar verkið var flutt við dans San Francisco-ballettsins í Eldborg.

ELDFUGLINN, SVÍTA

Ígor Stravinskíj var aðeins 27 ára gamall þegar rússneski athafnamaðurinn Sergej Djagílev pantaði af honum tónlist við *Eldfuglinn*, nýjan ballett handa dansflokkinum Ballets Russes. Stravinskíj var raunar ekki með öllu óþekkt stærð. Hjómsveitarverk hans *Flugeldar* (*Feu d'artifice*) hafði verið flutt skömmu áður, auk þess sem hann hafði útsett nokkur píanólög eftir Chopin fyrir ballett Djagílevs, *Les sylphides*. En Djagílev tefldi á tvær hættur með því að setja traust sitt á svo ungt og að mestu óreynt tónskáld, enda leitaði hann ekki til Stravinskíjs fyrir en eftir að þrjú önnur tónskáld – Ljadov, Tsjerepnín og Glazúnov – höfðu neitað að taka það að sér. Stravinskíj sá strax að hér var um einstakt tækifæri að ræða, lagði til hliðar hálfamda óperu og vatt sér umbúðalaust að nýja verkinu. *Eldfuglinn* var frumfluttur í Parísaróperunni í júní 1910 við feykigóðar undirtektir, sem varð til þess að þeir Djagílev héldu samstarfinu áfram með *Petrúsku* (1911) og *Vorblóti* (1913).

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Breski hljómsveitarstjórinn Eugene Goosens stýrði fyrsta flutningi Eldfuglsins hér á landi, á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þjóðleikhúsinu 1954. Síðan hefur verið hljómað 18 sinnum í flutningi Sí, að skólatónleikum ótöldum. Meðal þeirra sem haldið hafa um sprotann eru Jussi Jalas (1967), Paul Zukofsky (1980), Vladimir Ashkenazy (2004), Ilan Volkov (2010) og Daníel Bjarnason (2016).

Söguþráð ballettsins spannar dansahöfundurinn Michel Fokine úr rússneskum þjóðsögum. Hér segir af unga prinsinum Ívan sem reynir að handsama eldfuglinn göldróttu en hefur ekki erindi sem erfiði. Ívan hrífst af prinsessu einni sem er í haldi Kastseis hins illa, en liðsmenn hans handtaka prinsinn og allt útlit er fyrir að hann mæti sömu örlögum og aðrir vonbiðlar prinsessunnar; þeim hefur öllum verið breytt í stein. Á ögurstundu rifjast upp fyrir Ívan að hann hefur fjöður eldfuglsins í förum sínum. Þegar hann veifar fjöðrinni birtist eldfuglinn og með töfrum sínum magnar hann upp ofsafenginn vítisdans sem Kastsei og liðsmenn hans dansa án þess að fá við nokkuð ráðið. Því næst svæfir eldfuglinn Kastsei með angurværri vögguvísu og tjáir prinsinum að eina leiðin til þess að eyða mætti Kastseis sé að brjóta fjöregg hans. Prinsinn kastar fjöregginu til jarðar og náttmyrkrið sem hafði umlukið ríki Kastseis víkur fyrir nýjum degi. Steinrunnir vonbiðlarnir vakna aftur til lífsins og verkinu lýkur á mikilfenglegum gleðidansi.

Tónmál Stravinskíjs í *Eldfuglinum* er að sumu leyti fremur alþjóðlegt og má þar greina frönsk áhrif, jafnvel þótt hann noti rússnesk þjóðlög á stöku stað. Tónlistin sem táknar eldfuglinn sjálfan er smástígg og framandi, gjörólík tónlistinni sem hljómar þegar Ívan prins og prinsessurnar eru í forgrunni. Margt í verkinu minnir á kennara tónskáldsins, Rímskíj-Korsakov – til dæmis *Sheherazade* –, Glinka og jafnvel Skrjabin. Þó bregður einnig fyrir köflum þar sem heyrast glitta í *Vorblótið*, ekki síst í kraftmiklum rytmaleiknum í vítisdansinum fræga.

Árni Heimir Ingólfsson

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

17. NÓVEMBER 2016

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Mark Reedman
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Andrzej Kleina
Rósa Hrunð Guðmundsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Gunnhildur Daðadóttir
Greta Guðnadóttir
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Ásdís Hildur Runólfsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Victoria Tarevskaia

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Peter Tompkins
Gillian Haworth

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Kristian Oma Rønnes

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*

Á DÖFINNI

FIN 01 DES 19:30



AÐVENTUTÓNLEIKAR

Á aðventutónleikum Sinfóníunnar hljómar hátíðleg tónlist eftir þrjá meistarara 18. aldar: Bach, Händel og Mozart. Tvö hrífandi verk eftir Mozart ramma inn efnisskrána, fjörmikill forleikur að *Brúðkaupi Figarós* og sinfónía nr. 39 sem var ein sú síðasta sem hann samdi. Glæsilegt kórverk Händels var samið til flutnings við krýningu Karólínu Bretadrottningar í Westminster Abbey árið 1727 og hefur engu glatað af hátíðleika sínum. Hamrahlíðarkórarnir hafa komið fram á ótal tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og bjartur og tær hljómur þeirra hentar tónlist Händels sérlega vel. Einleikari á Aðventutónleikunum er Elfa Rún Kristinsdóttir sem hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim og var nýverið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Elfa Rún hefur hlotið mikið lof fyrir flutningi sinn á verkum Bachs og nýr geisladiskur hennar með partítum meistarans hefur fengið afburða góða dóma. Þessir tónleikar, undir stjórn norska hljómsveitarstjórans Eivinds Aadland, láta engan ósnortinn og koma öllum í sannkallað hátíðarskap í upphafi aðventu.

Tónleikakynning kl. 18:00

FIN 05 JAN 19:30 **FÖS** 06 JAN 19:30

LAV 07 JAN 16:00/19:30



VÍNARTÓNLEIKAR

Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil verið allra vinsælustu og fjölsóttustu tónleikar hljómsveitarinnar. Nokkur af djásnum valsakóngsins Johanns Strauss prýða efnisskrá fyrstu tónleika ársins sem hefjast á forleiknum að *Leðurblökunni* og lýkur á *Dónárvalsinum*. Inn á milli heyrast fagrir valsar og polkar að ógleymdum óperettuárium og dúettum sem allir þekkja. Austurríski hljómsveitarstjórinn David Danzmayr stjórnaði Vínartónleikum Sinfóníunnar fyrir tveimur árum og vakti slíka lukku að honum var umsvifalaust boðið að snúa aftur. Einsöngvarar eru Þóra Einarsdóttir sem hefur fyrir löngu sungið sig inn í hug og hjörtu landsmanna og norski tenórinn Bror Magnus Tødenes sem hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir hljómpýða rödd sína.



